

1998 nr. 77 15. júní**Lög um lögmennt**

Tóku gildi 1. janúar 1999. *Breytt með:* L. 36/1999 (tóku gildi 1. maí 1999), L. 93/2004 (tóku gildi 1. nóv. 2004; *EES-samningurinn*: VII. viðauki tilskipun 77/249/EBE og 98/5/EB), L. 33/2007 (tóku gildi 30. mars 2007), L. 88/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009 nema brákv. VII sem tók gildi 21. júní 2008), L. 95/2008 (tóku gildi 1. jan. 2009), L. 60/2010 (tóku gildi 19. júní 2010), L. 162/2010 (tóku gildi 1. jan. 2011), L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011), L. 145/2013 (tóku gildi 1. febr. 2014 nema 2.–4. mgr. 24. gr. sem tóku gildi 1. júní 2014), L. 117/2016 (tóku gildi 1. jan. 2018, nema 52., 53., 75., 76. og 79.–81. gr. sem tóku gildi 28. okt. 2016), L. 90/2017 (tóku gildi 29. des. 2017), L. 141/2018 (tóku gildi 1. jan. 2019), L. 121/2019 (tóku gildi 24. okt. 2019 nema 3. gr. og 1.–3. tölul. 5. gr. sem tóku gildi 1. febr. 2020, sbr. augl. A 6/2020, og 4., 5. og 7. tölul. 5. gr. sem tóku ekki gildi; komu til framkvæmda skv. fyrirætlum í 4. gr.).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefna svið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **dómsmálaráðherra** eða **dómsmálaráðuneyti** sem fer með lög þessi.

I. kafli. Almenn ákvæði.**■ 1. gr.**

□ [Með lögmanni er í lögum þessum átt við þann sem hefur leyfi til að [flytja mál fyrir héraðsdómstólum, Landsrétti eða Hæstarétti Íslands].¹⁾

□ Lögin taka einnig, eftir því sem við á, til lögmannna sem heimild hafa til að starfa hér á landi undir starfsheiti heimalands síns í samræmi við reglur Evrópska efnahagssvæðisins eða stofnsamning Fríverslunarsamtaka Evrópu. [Ráðherra]²⁾ setur nánari reglur³⁾ um skráningu, skyldur, réttindi og störf slíkra lögmannna hér á landi, þar með talda þátttöku í félagi um rekstur lögmannsþjónustu.

□ Lögmennt eru opinberir sýslunarmenn. Njóta þeir réttinda og bera skyldur samkvæmt því.⁴⁾

¹⁾ L. 117/2016, 54. gr. ²⁾ L. 126/2011, 275. gr. ³⁾ Rg. 241/2018, Rg. 242/2018. ⁴⁾ L. 93/2004, 1. gr.

■ 2. gr.

□ Ef aðili fer ekki sjálfur með mál sitt fyrir dómi eða sá sem að lögum getur verið fyrirvarsaður hans í dómsmáli verður ekki öðrum en lögmanni falið að gæta þar hagsmuna hans, sbr. þó 3. mgr.

□ Ákvæði 1. mgr. gilda um [sakamál]¹⁾ með þeim takmörkunum sem kann að leiða af heimildum í lögum til að fela öðrum en lögmanni að koma þar fram sem verjandi, réttargæslumaður eða talsmaður sakbornings eða [brotþola].²⁾

□ Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur málsaðili falið þeim sem starfar sem lögmaður í öðru ríki á Evrópska efnahagssvæðinu og hefur heimild til að fara þar með mál annarra fyrir dómstóli að gæta hagsmuna sinna í máli fyrir samsvarandi dómstóli hér á landi . . . ³⁾ . . . ⁴⁾

¹⁾ L. 88/2008, 234. gr. ²⁾ L. 36/1999, 48. gr. ³⁾ L. 33/2007, 1. gr. ⁴⁾ L. 93/2004, 2. gr.

II. kafli. Lögmannafélag Íslands og úrskurðarnefnd lögmannna.**■ 3. gr.**

□ Lögmennt skulu hafa með sér félag sem nefnist Lögmannafélag Íslands. Er þeim öllum skylt að vera þar félagsmennt.

□ Lögmannafélag Íslands setur sér samþykktir. Það skal ekki hafa með höndum aðra starfsemi en þá sem sérstaklega er mælt fyrir um í lögum, sbr. þó 5. mgr.

□ Í tengslum við Lögmannafélag Íslands skal starfa sjálfstæð úrskurðarnefnd lögmannna sem leysir úr málum eftir ákvæðum þessara laga. Úrskurðarnefndin hefur lögsögu yfir lögmonnum sem starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. Skal nefndin skipuð þremur monnum og jafnmörgum til vara. Skal hver nefndarmaður eiga þar sæti í þrjú

ár í senn, en þó þannig að sæti eins nefndarmanns losni árlega. Einn nefndarmaður skal skipaður af Lögmannafélagi Íslands samkvæmt nánari ákvæðum í samþykktum þess, einn skal skipaður af [ráðherra]¹⁾ og einn skipaður af Hæstarétti Íslands, en hann skal vera úr röðum sjálfstætt starfandi lögmannna sem fullnægja skilyrðum til að gegna embætti hæstaréttardómara. Nefndin kys sér sjálf formann til eins árs í senn.²⁾

□ Lögmannafélag Íslands ber kostnað af þeim störfum sem því og úrskurðarnefnd lögmannna eru falin með lögum. Getur félagið lagt á félagsmenn árgjald til að standa straum af þeim kostnaði.

□ Lögmannafélagi Íslands er heimilt að starfrækja í öðru skyni en að framan greinir sérstaka félagsdeild, eina eða fleiri, sem lögmonnum er frjálst að ákveða hvort þeir eiga aðild að. Skal fjárhagur slíkra félagsdeilda aðgreindur frá fjárhag félagsins.

¹⁾ L. 162/2010, 155. gr. ²⁾ L. 93/2004, 3. gr.

■ 4. gr.

□ Meðferð mála fyrir úrskurðarnefnd lögmannna fer eftir stjórnarsýslulögum nema annað leiði af ákvæðum V. kaffla. Nefndin setur sér innan þess ramma nánari reglur um meðferð einstakra málaflokka.

□ Ákvarðanir úrskurðarnefndar lögmannna sæta hvorki stjórnarsýslukæru né málskoti innan Lögmannafélags Íslands.

■ 5. gr.

□ Lögmannafélag Íslands kemur fram fyrir hönd lögmannna gagnvart dómstólum og stjórnvöldum um þau málefni sem stétt þeirra varða.

□ Lögmannafélag Íslands setur siðareglur fyrir lögmennt.

□ Lögmannafélag Íslands skal stuðla að því að sérhver sem þarfnast aðstoðar lögmanns fái notið hennar, enda hlíti hann þá ráðum lögmannsins og tryggi greiðslu hæfilegs endurgjalds fyrir aðstoðina.

III. kafli. Lögmannsréttindi.**■ 6. gr.**

□ [Málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum]¹⁾ má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. er lögráða og svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að gegna störfum lögmanns,

2. hefur aldrei orðið að sæta því að bú hans sé tekið til gjaldþrotaskipta,

3. [hefur aldrei hlotið fangelsisdóm fyrir refsiverðan verknáð sem framinn var eftir að hann varð fullra 18 ára],²⁾

4. [hefur lokið fullnaðarnámi í lögfræði með embættis- eða meistaraþrófi við lagadeild háskóla sem viðurkenndur er hér á landi samkvæmt lögum um háskóla],³⁾

5. stenst prófraun skv. 7. gr.

□ Víkja má frá skilyrði 2. tölul. 1. mgr. að [fenginni umsögn]²⁾ Lögmannafélags Íslands ef umsækjandi hefur haft forræði á fé sínu að minnsta kosti þrjú undanfarin ár. [Víkja má frá skilyrði 3. tölul. 1. mgr. að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands þegar fimm ár eru liðin frá því að afplánun lauk að fullu en þó ekki ef eðli brotsins og háttsemi umsækjanda er til þess fallin að rýra það traust sem lögmennt þurfa að njóta. Við matið skal m.a. líta til eðlis og alvarleika brotsins, þar á meðal þeirra hagsmuna sem brotið var gegn, ásetnings og aldurs umsækjanda þegar brot var framið, hvort brotið hafi verið framið í tengslum við atvinnurekstur og þess tjóns sem brotið olli. Þá skal einnig meta háttsemi umsækjanda frá því að afplánun lauk, þá einkum hvort umsækjandi hafi ólokinn mál í refsivörslukerfinu].²⁾

□ Leggja má að jöfnu við próf það, sem um getur í 4. tölul. 1. mgr., sambærilegt próf frá öðrum háskóla ef prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr. telur sýnt að umsækjandi hafi næga þekkingu á íslenskum lögum. Til að staðreyna þetta er nefndinni heimilt að leggja fyrir umsækjanda að gangast undir sérstakt próf á sínum vegum í einni eða fleiri lögfræðigreinum.

□ [[Ráðherra]⁴⁾ er heimilt að setja í reglugerð⁵⁾ fyrirmæli um undanþágu frá skilyrði 5. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki.]³⁾

□ [Erlendum lögmonnum sem heimild hafa til að starfa hér á landi í samræmi við ákvæði 2. mgr. 1. gr. má veita héraðsdómslögmannsréttindi. [Ráðherra]⁴⁾ setur nánari reglur⁶⁾ um veitingu réttindanna.]³⁾

¹⁾ L. 117/2016, 55. gr. ²⁾ L. 141/2018, 19. gr. ³⁾ L. 93/2004, 4. gr. ⁴⁾ L. 162/2010, 155. gr. ⁵⁾ Rg. 243/2018. ⁶⁾ Rg. 241/2018. Rg. 243/2018.

■ 7. gr.

□ [Umsækjandi um [málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum]¹⁾ verður að standast prófraun sem þriggja manna prófnefnd annast. [Ráðherra]²⁾ skipar nefndina til fjögurra ára í senn. Skal skipa einn nefndarmann eftir tilnefningu Lögmannafélags Íslands, annan samkvæmt tilnefningu Dómarafélags Íslands en þann þriðja án tilnefningar og skal hann ekki vera starfandi lögmaður. Jafnmargir varamenn skulu skipaðir á sama hátt. Ráðherra skipar nefndinni formann, svo og varaformann úr röðum varamanna.]³⁾

□ [Prófraun til öflunar [málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum]¹⁾ skal bæði vera bókleg og verkleg og ná til þeirra greina bóknáms og verkmenntunar sem helst varða rækslu lögmannsstarfa, þar á meðal siðareglna lögmannna. Prófnefnd skipuleggur námskeið til undirbúnings prófrauna. Henni er heimilt að láta Lögmannafélag Íslands og þá háskóla sem kenna lögfræði til embættis- eða meistaraþrúfs, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 6. gr., annast einstaka þætti námskeiðs og prófraunar. Í reglugerð,⁴⁾ sem [ráðherra]²⁾ setur að fengnum tillögum prófnefndar, skal meðal annars kveðið nánar á um námsgreinar, námskeiðahald, framkvæmd prófraunar og lágmarksárangur til að standast hana.]³⁾

□ Efnt skal til námskeiðs og prófraunar ekki sjaldnar en annað hvert ár.

□ Að fenginni tillögu prófnefndar ákveður [ráðherra]²⁾ gjald sem umsækjendur greiða fyrir að þreyta prófraun. Skal fjárhæð þess taka mið af kostnaði af námskeiðum og annarri framkvæmd prófraunarinnar.

¹⁾ L. 117/2016, 56. gr. ²⁾ L. 162/2010, 155. gr. ³⁾ L. 93/2004, 5. gr. ⁴⁾ Rg. 1095/2005, sbr. 197/2006, 152/2007 og 761/2007.

■ 8. gr.

□ Umsókn um [málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum]¹⁾ skal beint til [sýslumanns].²⁾ Eftir því sem þörf er á skal umsækjandi leggja fram gögn til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum skv. 6. gr. Hann skal að auki vinna að því skriflegt heit að viðlögðum drengskap að hann muni rækja af trúmennsku og samviskusemi öll þau störf sem honum kunna að verða falin sem lögmanni.

□ [Sýslumaður]²⁾ gefur út leyfisbréf [vegna málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum].¹⁾

□ [Handhafi málflutningsréttinda fyrir héraðsdómstólum]¹⁾ má gæta hagsmuna aðila í máli fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli.

¹⁾ L. 117/2016, 57. gr. ²⁾ L. 145/2013, 17. gr.

■ 9. gr.

□ [[Málflutningsréttindi fyrir Landsrétti]¹⁾ má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft [málflutningsréttindi fyrir héraðsdómstólum]¹⁾ í fimm ár,

2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í [1.–4.]¹⁾ tölul. 1. mgr. 6. gr.,

3. hefur flutt ekki færri en [25]¹⁾ mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli, þar af a.m.k. [15]¹⁾ einkamál sem fullnægja skilyrðum um áfrýjun til [Landsréttar]¹⁾ eða fengið hafa leyfi [Landsréttar]¹⁾ til áfrýjunar,

4. sýnir fram á það með prófraun, sem felst í munnlegum flutningi fjögurra mála, sem flutt eru í [Landsrétti]¹⁾ . . . ,¹⁾ þar af a.m.k. tveggja einkamála, að hann sé hæfur til að öðlast réttindin.]²⁾

□ [Sá sem þreyta vill prófraun skv. 4. tölul. 1. mgr. skal tilkynna [Landsrétti]¹⁾ þá ósk sína og sýna fram á, með staðfestingu [sýslumanns],³⁾ að hann fullnægi öðrum skilyrðum 1. mgr. Dómendur [Landsréttar]¹⁾ sem skipa dóm í viðkomandi máli meta hvort umsækjandi stenst prófraun.]²⁾

□ Að fenginni umsögn [Landsréttar]¹⁾ getur [sýslumaður]³⁾ vikið frá skilyrðum 1., 3. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í að minnsta kosti tíu ár. Með sama hætti getur [sýslumaður]³⁾ vikið frá 1. og 4. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja [sakamál]⁴⁾ fyrir [Landsrétti].¹⁾

□ [Ráðherra]⁵⁾ er heimilt að setja í reglugerð fyrir mæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.

¹⁾ L. 117/2016, 58. gr. ²⁾ L. 93/2004, 6. gr. ³⁾ L. 145/2013, 17. gr. ⁴⁾ L. 88/2008, 234. gr. ⁵⁾ L. 162/2010, 155. gr.

■ 10. gr.

□ Umsókn um [málflutningsréttindi fyrir Landsrétti]¹⁾ skal beint til [sýslumanns].²⁾ Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 9. gr. til að öðlast réttindin.

□ [Sýslumaður]²⁾ gefur út leyfisbréf [vegna málflutningsréttinda fyrir Landsrétti].¹⁾

□ [Handhafi málflutningsréttinda fyrir Landsrétti má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum héraðsdómstólum, Landsrétti og sérdómstólum].¹⁾

¹⁾ L. 117/2016, 59. gr. ²⁾ L. 145/2013, 17. gr.

■ [10. gr. a.

□ Málflutningsréttindi fyrir Hæstarétti má veita þeim sem um þau sækir og fullnægir þessum skilyrðum:

1. hefur haft málflutningsréttindi fyrir Landsrétti í þrjú ár,

2. fullnægir þeim kröfum sem er getið í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr.,

3. hefur flutt ekki færri en 15 mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af a.m.k. tíu einkamál.

□ Að fenginni umsögn Hæstaréttar getur sýslumaður vikið frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur gegnt dómaraembætti í a.m.k. tíu ár. Með sama hætti getur sýslumaður vikið frá 1. og 3. tölul. 1. mgr. ef umsækjandi hefur um jafnlangan tíma gegnt embætti eða starfi sem fylgir lögum samkvæmt heimild til að flytja sakamál fyrir Hæstarétti.

□ Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð fyrir mæli um undanþágu frá skilyrðum 1. og 3. tölul. 1. mgr. handa þeim sem hafa öðlast hliðstæð réttindi í öðru ríki og fullnægja að öðru

leyti þeim kröfum sem eru gerðar í 1.–4. tölul. 1. mgr. 6. gr., sbr. 2. og 3. mgr. sömu greinar.]¹⁾

¹⁾ L. 117/2016, 60. gr.

■ [10. gr. b.

□ Umsókn um málflytninguréttindi fyrir Hæstarétti skal beint til sýslumanns. Skulu fylgja henni eftir þörfum gögn til staðfestingar því að umsækjandi fullnægi skilyrðum 10. gr. a til að öðlast réttindin.

□ Sýslumaður gefur út leyfisbréf vegna málflytninguréttinda fyrir Hæstarétti.

□ Handhafi málflytninguréttinda fyrir Hæstarétti má gæta hagsmuna aðila í málum fyrir öllum dómstólum landsins.]¹⁾

¹⁾ L. 117/2016, 60. gr.

■ 11. gr.

□ Lögmaður getur ráðið til starfa hjá sér fulltrúa sem fullnægir skilyrðum 1.–4. tölul. 1. mgr., sbr. 2. og 3. mgr. 6. gr. Leita skal staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að skilyrðum þessum sé fullnægt og leggja fyrir það gögn því til stuðnings.

□ Að fenginni staðfestingu skv. 1. mgr. skal lögmaður tilkynna dómstólum um ráðningu fulltrúa. Getur lögmannsfulltrúi upp frá því sótt þing fyrir öðrum dómstólum en Hæstarétti í umboði og á ábyrgð vinnuveitanda síns og gætt þar hagsmuna umbjóðanda vinnuveitandans, en þó ekki við munnlega sönnunarfærslu eða aðalmeðferð máls. Lögmanni ber að tilkynna dómstólum og Lögmannafélagi Íslands ef fulltrúi hans lætur af störfum.

□ Lögmaður getur ráðið annan lögmann til starfa hjá sér. Ber lögmaður ábyrgð á fjárvörslu slíks starfsmanns síns, svo og fébótaábyrgð á störfum hans að öðru leyti.

■ 12. gr.

□ [Lögmanni er skylt að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og gilda starfsábyrgðartryggingu, allt samkvæmt því sem nánar segir í 19., 23. og 25. gr.

□ Lögmaður getur sótt um undanþágu til Lögmannafélags Íslands frá þeim skyldum sem um ræðir í 1. mgr. á meðan hann:

1. gegnir föstu starfi hjá opinberri stofnun eða einkaaðila, enda veiti hann engum öðrum þjónustu sem lögmaður,

2. starfar hjá öðrum lögmanni, sbr. 3. mgr. 11. gr., eða

3. gegnir föstu starfi hjá félagasamtökum, enda veiti hann engum öðrum en þeim samtökum eða félagsmönnum þeirra þjónustu og skal þjónustan falla innan starfssviðs samtakanna.

□ Lögmaður sem leitar undanþágu skv. 2. mgr. skal leggja fram samþykki vinnuveitanda síns fyrir henni. Ef undanþágu er leitað skv. 2. tölul. 2. mgr. skal fylgja staðfesting um þá ábyrgð vinnuveitanda sem um ræðir í 3. mgr. 11. gr. Ef undanþágu er leitað skv. 3. tölul. 2. mgr. ber vinnuveitandi húsbóndaábyrgð á fjárvörslu og þeim störfum lögmannsins sem starfsábyrgðartryggingar ná til.

□ Með undanþágubeiðni skv. 1. eða 3. tölul. 2. mgr. skal lögmaður láta fylgja yfirlýsingu sína um að hann muni einungis nýta réttindi sín innan þeirra marka er þar greinir.

□ Vinnuveitanda jafnt sem lögmanni er skylt að tilkynna Lögmannafélagi Íslands ef vinnusambandi þeirra er slitið.

□ Ef lögmaður fullnægir annars ekki þeim skyldum sem um getur í 1. mgr. ber honum að leggja réttindi sín inn til [sýslumanns]¹⁾ og skulu þau lýst óvirk.]²⁾

¹⁾ L. 145/2013, 17. gr. ²⁾ L. 93/2004, 7. gr.

■ 13. gr.

□ [Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að lögmaður uppfylli ávallt skilyrði fyrir lögmannsréttindum skv. 6., 9. og 12. gr.

□ Lögmanni er skylt að veita Lögmannafélagi Íslands eða löggiltum endurskoðanda, sem félagið tilnefnir í því skyni, allar nauðsynlegar upplýsingar til að metið verði hvort hann fullnægi þeim skyldum sem mælt er fyrir um í 12. gr. Ber sá sem gegnir eftirliti þagnarskyldu um það sem hann kemst að raun um, að því leyti sem það varðar ekki tilgang eftirlitsins. Ákveði stjórn félagsins að fela endurskoðanda félagsins að rannsaka fjárreiður lögmanns er félaginu heimilt að krefja lögmanninn um greiðslu kostnaðar við rannsóknina, enda hafi hún verið verulega yfirgripsmikil og leiði í ljós misfellingur í starfi.

□ Komi fram við eftirlit skv. 1. mgr. að lögmaður fullnægi ekki þeim skilyrðum sem þar greinir ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við [sýslumann]¹⁾ að réttindi hans verði felld niður. Skal [sýslumaður]¹⁾ taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.

□ Hafi lögmaður sem ákvæði 23. gr. tekur til ekki skilað stjórn Lögmannafélags Íslands yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings skv. 2. mgr. 23. gr. fyrir 1. október ár hvert, eða slík yfirlýsing hefur ekki reynst fullnægjandi, ber Lögmannafélagi Íslands að leggja til við [sýslumann]¹⁾ að réttindi hans verði felld niður. Skal [sýslumaður]¹⁾ taka rökstudda afstöðu til slíkrar tillögu innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.]²⁾

¹⁾ L. 145/2013, 17. gr. ²⁾ L. 93/2004, 8. gr.

■ 14. gr.

□ [Nú berst úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanni og telur sýnt að hann hafi í störfum sínum brotið svo mjög eða ítrekað gegn lögum eða þeim reglum sem um getur í 2. mgr. 5. gr. að ekki verði við unað að hann hafi áfram réttindi til að vera lögmaður. Getur þá nefndin í rökstuddu álitu lagt til við [sýslumann]¹⁾ að réttindi lögmannsins verði felld niður tímabundið eða hann sviptur réttindum ef sakir eru miklar. Nefndin getur lagt til niðurfellingu eða sviptingu þó svo að lögmaðurinn hafi lagt réttindi sín inn til [sýslumanns]¹⁾ og þau hafi verið lýst óvirk skv. 2. mgr. 15. gr.

□ [Sýslumanni]¹⁾ ber að taka afstöðu til tillögu skv. 1. mgr. innan tveggja mánaða frá því að hún berst honum.]²⁾

¹⁾ L. 145/2013, 17. gr. ²⁾ L. 93/2004, 9. gr.

■ 15. gr.

□ [Taki lögmaður við opinberu starfi sem [sýslumaður]¹⁾ telur ósamrýmanlegt handhöfn virkra lögmannsréttinda skal hann leggja réttindi sín inn til [sýslumanns]¹⁾ og skulu réttindin lýst óvirk.

□ Lögmanni er alltaf frjálst að leggja réttindi sín inn til [sýslumanns]¹⁾ og skulu þau þá lýst óvirk.]²⁾

¹⁾ L. 145/2013, 17. gr. ²⁾ L. 93/2004, 10. gr.

■ 16. gr.

□ [Hafi [sýslumaður]¹⁾ lýst réttindi lögmanns óvirk, þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem í 12.–15. gr. segir skulu þau lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra. Hafi réttindi lögmanns verið felld niður skv. 4. mgr. 13. gr. skal að auki leita staðfestingar Lögmannafélags Íslands á því að umsækjandi hafi skilað til félagsins fullgildri yfirlýsingu um stöðu vörslufjárreiknings.

□ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum samkvæmt því sem í 14. gr. segir getur hann að fimm árum liðnum sótt um heimild til að gangast undir prófraun skv. 7. gr. og sækja í kjölfarið á ný um réttindi til að vera héraðsdómslögmaður. Slíka heimild veitir [sýslumaður]¹⁾ að [fenginni umsögn]²⁾ Lögmannafélags Íslands.³⁾

□ [Hafi lögmaður verið sviptur réttindum ótímabundið með dómi skv. 68. gr. almennra hegningarlaga er honum heimilt þegar fimm ár eru liðin frá því að aflánun lauk að fullu að bera undir dómstóla samkvæmt reglum um meðferð sakamála hvort fella skuli niður réttindasviptinguna. Við mat á því hvort fella skuli niður sviptingu réttinda skal dómari líta til þess hvort eðli brotsins og háttsemi umsækjanda er til þess fallin að rýra það traust sem lögmenn þurfa að njóta, sbr. 2. mgr. 6. gr.]²⁾

¹⁾ L. 145/2013, 17. gr. ²⁾ L. 141/2018, 20. gr. ³⁾ L. 93/2004, 11. gr.

■ 17. gr.

□ [[Sýslumaður]¹⁾ skal auglýsa veitingu réttinda í Lögbirtingablaði. Sama gildir um sviptingu þeirra, svo og ef þau eru felld niður, falla sjálfkrafa niður eða eru lýst óvirk.

□ [Sýslumaður]¹⁾ skal halda skrá um lögmenn sem hafa virk lögmennaréttindi. Skal þar greina sérstaklega þá sem hafa hlotið undanþágu með þeim hætti sem greinir í 2. mgr. 12. gr. Skrá þessi skal vera opin almenningi.]²⁾

¹⁾ L. 145/2013, 17. gr. ²⁾ L. 93/2004, 12. gr.

IV. kafli. Störf lögmanna.

■ 18. gr.

□ Lögmönnum ber í hvívetna að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmætra úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna.

■ 19. gr.

□ Lögmanni ber sjálfum að starfa á skrifstofu sinni. Reki hann útibú frá skrifstofunni má hann þó fela öðrum lögmanni í þjónustu sinni að veita því forstöðu.

□ Telji lögmaður sér ekki fært vegna aldurs eða heilsufars síns að hafa opna skrifstofu má hann leita undanþágu Lögmannafélags Íslands frá skyldu til þess.

□ Lögmönnum er heimilt að stofna félag um rekstur sinn í því formi sem þeir sjálfir kjósa, þar á meðal með takmarkaðri ábyrgð. Slík takmörkun breytir ekki því að lögmaður ber alltaf óskerta ábyrgð á tjóni sem hann eða starfsmaður hans bakar öðrum með störfum sínum.

□ Öðrum en lögmönnum er óheimilt að reka félag um skrifstofu lögmanns eða eiga hlut í því. Við andlát lögmanns getur þó Lögmannafélag Íslands veitt dánarbúi hans eða erfingjum tímabundna heimild til að eiga og reka slíkt félag. Sams konar heimild má veita þrotabúi ef bú lögmanns er tekið til gjaldprotaskipta.

□ . . . ¹⁾

¹⁾ L. 93/2004, 13. gr.

■ 20. gr.

□ Lögmanni er skylt að taka við skipun [eða tilnefningu]¹⁾ sem verjandi eða réttargæslumaður í [sakamáli],²⁾ enda fullnægi hann til þess hæfisskilyrðum og hafi ekki ósamrýmanlegra hagsmuna að gæta vegna sjálfs sín, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda síns.

□ Að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. er lögmanni aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um.

¹⁾ L. 36/1999, 48. gr. ²⁾ L. 88/2008, 234. gr.

■ 21. gr.

□ Nú sækir lögmaður eða fulltrúi hans dómþing fyrir aðila,

og skal hann þá talinn hafa umboð til að gæta þar hagsmuna aðilans nema það gagnstæða sé sannað.

□ Sé ekki sýnt fram á annað felur umboð aðila til lögmanns í sér heimild til að gera hvaðeina sem venjulegt má telja til að gæta hagsmuna fyrir dómi. Innan þeirra marka er umbjóðandi bundinn af ráðstöfun lögmanns þótt hann fari út fyrir þá heimild sem umbjóðandi hefur veitt honum.

□ Lögmaður getur ekki tekið við greiðslu svo bindandi sé gagnvart umbjóðanda nema hann hafi til þess sannanlegt umboð.

□ Lögmanni er skylt að inna sjálfur af hendi þau störf fyrir dómi sem honum eru falin nema umbjóðandi hans samþykki annað. Lögmaður getur þó falið fulltrúa sínum eða öðrum lögmanni að sækja fyrir sig dómþing, enda sé það ekki háð til aðalmeðferðar máls eða munnlegrar sönnunarfærslu.

□ Umbjóðanda er ætíð heimilt að kalla aftur umboð sitt til lögmanns. Ákvæði um annað í umboði eru ekki skuldbindandi.

□ Lögmaður getur á öllum stigum sagt sig frá verki sem honum hefur verið falið, en gæta verður hann þess að umbjóðandi hans verði ekki af þeim sökum fyrir réttarspjöllum.

■ 22. gr.

□ Lögmaður ber þagnarskyldu um hvaðeina sem honum er trúað fyrir í starfi sínu. Starfsmaður lögmanns er einnig bundinn þagnarskyldu um slík trúnaðarmál sem hann kann að komast að vegna starfa sinna.

□ Áður en lögmaður tekur að sér verk ber honum að vekja athygli þess sem til hans leitar ef hann telur einhverja hættu á að hagsmunirnir sem í húfi eru kunni að rekast á hagsmuni hans sjálfs, venslamanna sinna eða annars umbjóðanda, eða að samsvarandi tormerki geti risið við rækslu starfans.

■ 23. gr.

□ [Lögmanni sem ekki hefur fengið undanþágu frá skyldum 1. mgr. 12. gr. er skylt að halda fjármunum þeim sem hann tekur við í þágu annarra aðgreindum frá eigin fé og er skylt að hafa sérstakan vörslufjárreikning í viðurkenndri bankastofnun og varðveita þar slíka fjármuni.

□ Lögmaður skal fyrir 1. október ár hvert senda Lögmannafélagi Íslands, á þar til gerðu eyðublaði, yfirlýsingu sem staðfest er af löggiltum endurskoðanda um að staða vörslufjárreiknings hinn 31. desember fyrri árs sé ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi lögmansins. Samtímis skal lögmaður senda félaginu upplýsingar um verðbréf sem voru í hans vörslu 31. desember fyrri árs sem staðfestar eru af löggiltum endurskoðanda.

□ [Ráðherra]¹⁾ skal setja nánari reglur²⁾ um vörslufjárreikninga að fengnum tillögum Lögmannafélags Íslands.]³⁾

¹⁾ L. 162/2010, 155. gr. ²⁾ Rg. 1192/2005, sbr. 1421/2020. ³⁾ L. 93/2004, 14. gr.

■ 24. gr.

□ Lögmanni er rétt að áskilja sér hæfilegt endurgjald fyrir störf sín og skal umbjóðanda hans eftir því sem unnt er gert ljóst hvert það gæti orðið í heild sinni. Þar á meðal getur lögmaður áskilið sér hluta af þeirri fjárhæð sem umbjóðandi fær greitt í máli, svo og hærra endurgjald ef mál vinnst en ef það tapast.

□ Loforð um ósanngjarnt endurgjald fyrir starf lögmanns bindur ekki umbjóðanda hans.

□ [[Ráðherra]¹⁾ skal að fenginni umsögn Lögmannafélags Íslands gefa út leiðbeiningar²⁾ handa lögmönnum um endurgjald sem þeim sé hæfilegt að áskilja umbjóðendum sínum úr hendi skuldara vegna kostnaðar af löginnheimtu peninga-

kröfu, sbr. 24. gr. a. Lögmönnum er óheimilt að nota leiðbeiningar þessar í öðrum tilgangi.³⁾

□ ...⁴⁾

¹⁾ L. 162/2010, 155. gr. ²⁾ Augl. 450/2013. ³⁾ L. 60/2010, 6. gr. ⁴⁾ L. 95/2008, 22. gr.

■ [24. gr. a.

□ Lögmenn annast löginneimtu. Með löginneimtu er átt við innheimtumeðferð á grundvelli réttarfaralaga og markast upphaf hennar við aðgerðir sem byggðar eru á lögum um aðför, nr. 90/1989, lögum um kyrrsetningu, lögbann o.fl., nr. 31/1990, lögum um nauðungarsölu, nr. 90/1991, lögum um meðferð einkamála, nr. 91/1991, lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, og lögum um skipti á dánarbúum o.fl., nr. 20/1991, eða tilkynningum sem samrýmast góðum lögmennsháttum.

□ Við löginneimtu skv. 1. mgr. er lögmanni óheimilt að áskilja sér endurgjald skv. 3. mgr. 24. gr. af þeim hluta kröfu sem fallinn er í gjalddaga vegna gjaldfellingar eftirstöðva skuldar sökum vanefnda á greiðslu afborgunar eða vaxta.¹⁾

¹⁾ L. 60/2010, 7. gr.

■ 25. gr.

□ Lögmaður ber bótaábyrgð á störfum sínum og starfsmanna sinna eftir almennum reglum.

□ Lögmönnum er skylt að hafa í gildi ábyrgðartryggingu¹⁾ hjá váttryggingafélagi sem hefur starfsleyfi hér á landi vegna fjárhagstjóns sem leitt getur af gáleysi í störfum þeirra eða starfsmanna þeirra. Að fengnum tillögum Lögmennafélags Íslands getur [ráðherra]²⁾ ákveðið með reglugerð að önnur jafngild trygging geti komið í stað ábyrgðartryggingar.

□ [Ráðherra]²⁾ skal að fengnum tillögum Lögmennafélags Íslands og umsögn Fjármálaeftirlitsins ákveða lágmark fjárhæðar ábyrgðartryggingar skv. 2. mgr. og hámark eigin áhættu váttryggingartaka. Skal þá höfð hliðsjón af góðum venum á sviði váttrygginga og hagsmunum viðskiptamanna lögmanna. Sjálfsáhætta váttryggingartaka samkvæmt tryggingarskilmálum hefur engin áhrif á stöðu þriðja manns.

□ Lögmanni er heimilt með samningi um ákveðið verk að takmarka hámark bótaskyldu sinnar vegna rækslu þess við tiltekna fjárhæð sem nemi að minnsta kosti lágmarki ábyrgðartryggingar skv. 3. mgr. Slík takmörkun bindur aðeins viðsemjanda lögmanns og getur ekki náð til annars tjóns en þess sem stafar af einföldu gáleysi.

¹⁾ Rg. 200/1999. ²⁾ L. 162/2010, 155. gr.

V. kafli. Ágreiningur um störf lögmanna.

■ 26. gr.

□ Ef lögmenn greinir á við umbjóðanda sinn um rétt til endurgjalds fyrir störf sín eða fjárhæð þess getur annar þeirra eða þeir báðir lagt málið fyrir úrskurðarnefnd lögmanna. [Nefndin vísar frá sér ágreiningsmáli um endurgjald ef lengri tími en eitt ár er liðinn frá því að kostur var á að koma því á framfæri.]¹⁾

□ Hafi dómsmál ekki verið höfðað um ágreiningsefni skv. 1. mgr. áður en það er lagt fyrir úrskurðarnefndina verður það ekki borið undir dómstóla á meðan málið er þar rekið.

□ Ef lagt er fyrir úrskurðarnefndina ágreiningsefni sem dómsmál er rekið um getur hún að ósk annars eða beggja aðila látið í té álitgerð til afnota þar. Hafi dómsmáli verið lokið um ágreiningsefnið vísar nefndin því frá sér.

¹⁾ L. 93/2004, 15. gr.

■ 27. gr.

□ Nú telur einhver að lögmaður hafi í starfi sínu gert á sinn hlut með háttsemi sem stríði gegn lögum eða reglum

skv. 2. mgr. 5. gr. og getur hann þá lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna kvörtun á hendur lögmanninum. Nefndin vísar kvörtun frá sér ef lengri tími en eitt ár er liðið frá því að kostur var á að koma henni á framfæri.

□ [Í máli skv. 1. mgr. getur úrskurðarnefndin fundið að vinnubrögðum eða háttsemi lögmanns eða veitt honum áminningu. Ef sakir eru miklar eða lögmaður hefur ítrek að sætt áminningu getur nefndin brugðist svo við sem um ræðir í 1. mgr. 14. gr.]¹⁾

¹⁾ L. 93/2004, 16. gr.

■ 28. gr.

□ Mál skal lagt fyrir úrskurðarnefnd lögmanna með skriflegu erindi og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. Fyrningu kröfu er slitið þegar nefndinni berst erindi um hana.

□ [Úrskurðarnefndinni er heimilt að taka upp hæfilegt málagjald sem greiða skal við framlagningu ágreiningsmáls eða kvörtunar fyrir nefndinni. Sé grundvöllur fyrir erindinu staðreyndur með úrskurði nefndarinnar skal endurgreiða innheimt málagjald til málshefjanda.]¹⁾

□ [Úrskurðarnefndinni er heimilt að skylda málsaðila til að greiða gagnaðila sínum málskostnað vegna reksturs máls fyrir henni.

□ Úrskurðarnefndinni er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að ákveða að málsaðilar greiði kostnað sem hlýst af störfum nefndarinnar við mál þeirra.]¹⁾

□ Þegar máli skv. 26. eða 27. gr. er lokið fyrir úrskurðarnefndinni er aðila að því heimilt að leita fyrir dómi ógildingar á úrskurði hennar eða sátt sem er gerð fyrir henni eða leita þannig breytingar á niðurstöðu sem þar hefur fengist.

□ Úrskurði nefndarinnar eða sátt sem kemst á fyrir henni má fullnægja með aðför eins og dómsúrskurði eða dómsátt.

¹⁾ L. 93/2004, 17. gr.

VI. kafli. Ýmis ákvæði.

■ 29. gr.

□ Það varðar sektum að taka að sér starfa sem lögmenn mega einir gegna skv. 2. gr. ef sá sem það gerir hefur hvorki réttindi sem lögmaður né starfar sem lögmansfulltrúi. Einnig varðar sektum að bjóða öðrum þjónustu sem lögmaður ef þann sem það gerir skortir til þess réttindi.

□ [Þeim einum er heimilt að nota starfsheitið lögmaður sem hefur virk réttindi samkvæmt lögum þessum og uppfyllir ákvæði 12. gr. Lögmönnum sem hafa virk réttindi er einungis heimilt að tilgreina málflutningsréttindi sín í samræmi við það dómstig sem þeir hafa aflað sér málflutningsréttinda fyrir, sbr. ákvæði 6.–10. gr. og 10. gr. a og 10. gr. b. Brot gegn þessu ákvæði varðar sektum.]¹⁾

□ [Það varðar sektum að nota starfsheiti erlendra lögmanna sem greind eru í reglum sem [ráðherra]²⁾ setur skv. 2. mgr. 1. gr. án þess að hafa hlotið tilskilið starfsleyfi í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins.]³⁾

□ Brot gegn 1. mgr. 22. gr., 1. mgr. 23. gr. og 2. mgr. 25. gr. varða sektum nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

□ [Ráðherra er heimilt að ákveða að þau verkefni sem sýslumönnum eru falin í lögum þessum verði á hendi eins sýslumanns.⁴⁾ Ákvarðanir sýslumanns samkvæmt lögum þessum eru kærnanlegar til ráðuneytis.]⁵⁾

¹⁾ L. 117/2016, 61. gr. ²⁾ L. 162/2010, 155. gr. ³⁾ L. 93/2004, 18. gr. ⁴⁾ Rg. 90/2014, sbr. 1152/2014. ⁵⁾ L. 145/2013, 18. gr.

VII. kafli. Gildistaka o.fl.

■ 30. gr.

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999. . . .

■ **31. gr.**

□ Með lögum þessum raskast ekki réttindi héraðsdómslög-
manna og hæstaréttarlögmanna sem hafa verið veitt fyrir
gildistöku þeirra, þar á meðal réttindi skv. 2. mgr. 9. gr. eldri
laga.

□ ...¹⁾

□ Hafi lögmaður verið sviptur réttindum eða lagt þau inn
fyrir 1. janúar 1999 eða svo hefur annars orðið ástatt fyrir
honum að hann hafi fyrirgert réttindum sínum um sinn gilda
ákvæði þessara laga um hvort, hvernig og hvenær hann geti
öðlast réttindin á ný.

□ ...¹⁾

¹⁾ L. 93/2004, 19. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.**

□ Þegar skipað er í fyrsta sinn í úrskurðarnefnd lögmanna
samkvæmt lögum þessum skulu einn aðalmaður og varamað-
ur hans skipaðir til eins árs, annar aðalmaður ásamt vara-
manni til tveggja ára og þriðji aðalmaður ásamt varamanni
til þriggja ára. Skal skipunartími hvers ákveðinn með hlut-
kesti þegar ákveðið hefur verið hverjir veljast þar til starfa.

□ Skipað skal í fyrsta sinn í prófnefnd skv. 1. mgr. 7. gr.
laganna þegar skipunartími prófnefndar sem skipuð var sam-
kvæmt eldra ákvæði rennur út.

□ Sá sem hefur við gildistöku laga þessara fengið viður-
kenningu prófnefndar á prófmáli til flutnings fyrir Hæsta-
rétti í samræmi við ákvæði 9. gr. laganna skal eiga þess kost
að ljúka prófraun samkvæmt eldri reglum fyrir 1. desember
2005, enda hafi umsókn um viðurkenningu prófnefndar á síð-
ara prófmáli borist nefndinni fyrir 10. nóvember 2005.

□ Prófnefnd skv. 2. mgr. 9. gr. laganna skal starfa til 30. nóv-
ember 2005.]¹⁾

¹⁾ L. 93/2004, 20. gr.

■ **II.**

□ Þeir sem hafa aflað sér málflytningarréttinda fyrir Hæsta-
rétti 1. janúar 2018 halda þeim réttindum.

□ [Hafi lögmaður fyrir 1. janúar 2018 lokið a.m.k. einu próf-
máli fyrir Hæstarétti er honum heimilt að ljúka öflun málflyt-
ningarréttinda fyrir Hæstarétti með flutningi prófmála eft-
ir þeim reglum sem giltu fyrir það tímamark, enda sé um að
ræða mál sem áfrýjað hefur verið til Hæstaréttar fyrir 1. janú-
ar 2018. Lögmaður sem nýtir sér þessa heimild getur hvenær
sem er ákveðið að um öflun réttinda hans fari eftir viðeigandi
ákvæði 3.–5. mgr.]¹⁾

□ [Hafi lögmaður lokið þremur prófmálum fyrir Hæstarétti
samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir 1. janúar 2018]¹⁾ má
veita honum málflytningarréttindi fyrir Landsrétti, sbr. 9. gr.
Hann telst svo uppfylla skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.
a þegar hann hefur flutt fjögur mál munnlega fyrir Landsrétti,
þar af a.m.k. þrjú einkamál.

□ [Hafi lögmaður lokið tveimur prófmálum fyrir Hæstarétti
samkvæmt þeim reglum sem giltu fyrir 1. janúar 2018]¹⁾ má
veita honum málflytningarréttindi fyrir Landsrétti þótt hann
flytji þar einungis eitt prófmál, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 9. gr.
Hann telst svo uppfylla skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr.
a þegar hann hefur flutt átta mál munnlega fyrir Landsrétti,
þar af a.m.k. fimm einkamál.

□ [Hafi lögmaður lokið einu prófmáli fyrir Hæstarétti sam-
kvæmt þeim reglum sem giltu fyrir 1. janúar 2018]¹⁾ má veita
honum málflytningarréttindi fyrir Landsrétti þótt hann flytji
þar aðeins tvö prófmál, sbr. 4. tölul. 1. mgr. 9. gr. Hann telst
svo uppfylla skilyrði 1. og 3. tölul. 1. mgr. 10. gr. a þegar
hann hefur flutt tólf mál munnlega fyrir Landsrétti, þar af
a.m.k. átta einkamál.]²⁾

¹⁾ L. 90/2017, 9. gr. ¹⁾ L. 117/2016, 62. gr.